

Reykjavík, 21. mars 2013

Fornleifaskráning

vegna fyrirhugaðrar Urðarfellsvirkjunar í landi Húsafells, Borgarfjarðarsýslu


Formáli

Að beiðni Reynis Sævarssonar fyrir hönd Ferðapjónustu Húsafells ehf kannaði Fornleifafræðistofan fyrirhugað framkvæmdasvæði Urðarfellsvirkjunar í landi Húsafells í Hálsahreppi, nú Borgarbyggð, Borgarfjarðarsýslu. Svæðið sem kannað var á vettvangi afmarkast af stíflu í Deildargili, fallpípu frá henni til norðurs að stöðvarhúsi í norðri, skammt suður af þjóðveginum. Einnig var nánasta umhverfi fyrirhugaðrar efnistöku skoðað.

A.m.k. 50 m breitt svæði í kringum hin einstöku mannvirki var kannað. Svæðið var skoðað á vettvangi þann 19. mars síðastliðinn. Veður var gott, kallt en bjart.

Heimildir svo sem Örnefnaskrár, Sýslu- og Sóknarlýsingar og jarðabækur voru skoðaðar en þær geta ekki um neinar fornleifar á sjálfu könnunarsvæðinu, en þó er mögulegt að nyrðri rústirnar séu þær hinar sömu og kallaðar hafa verið Grímsgil (Brynjólfur Jónsson 1893:78-79). Líklegra er þó að mati Matthíasar Þórðarsonar fyrrverandi þjóðminjavarðar að Grímsgilsrústirnar séu hinar sömu og Reyðarfellsrústir (Matthías Þórðarson 1910:41). Þorkell Grímsson, er rannsakaði Reyðarfell á sínum tíma telur að Reyðarfell og Grímsgil sé ekki sami bærinn (Þorkell Grímsson 1976:566).

Ýmsar upplýsingar og aðstoð veittu þeir Bergþór Kristleifsson og Örn Eyfjörð Arnarsson. Eiga þeir þakkir skyldar.



Mynd 1. Loftmynd af hinu kannaða svæði (Bláar línur) og nánasta umhverfi. Ljósmyndir ehf. Viðbætur BFE.

Skráningin

Fornleifar fundust á tveimur stöðum eins og fram kemur á mynd 1 og getið er í meðfylgjandi fornleifaskrá. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu (Hálsahreppi).

Norðan við Giljatungukvísl fannst vörðubrot og neðarlega (norðarlega) á svæðinu fannst skálalaga rúst sem liggur beint undir hinni

fyrirhuguðu fallpípu. Mælt er með því að pípan verði færð til vesturs, vestur fyrir lækinn sem þarna rennur. Verði það ekki hægt er nauðsynlegt að rannsaka rústina með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem embættið kann að setja. Að öðru leyti er framkvæmdin vel ásættanleg út frá fornleifum.

Ef svo færi þrátt fyrir allt að fornleifar fyndust við framkvæmdir á svæðinu kveða lög um menningarminjar, 24 grein, svo um að stöðva beri verkið og tilkynna það til Minjastofnunar Íslands sem ákveður hvort verkinu megi halda áfram og með hvaða skilmálum. Hin skálalaga rúst gefur viss fyrirheit um að fleiri rústir kunni að leynast í nágrenni hennar, sérstaklega austan megin lækjarins. Því ber að grafa með mikilli gát þegar að framkvæmdum kemur og framkvæmdaeftirlit viðhaft á syðsta kaflanum.

Heimildir

- Brynjólfur Jónsson.* „Nokkur bæjarnöfn í Landnámu í ofanverðri Hvítársíðu og Hálsasveit.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1893*. Reykjavík 1893. Bls. 74-80.
- Fornleifaskrá.* Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd-Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Lög um menningarminjar* nr. 80, 29. júní 2012. Þingskjal 1610, 140 löggjafarþing.
- Matthías Þórðarson. „Smávegis. Um nokkra staði og fornmenjar, er höf. Athugaði á skráningarferð um Borgarfjarðar- og Mýrasýslu í júlímánuði 1909.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1909*. Reykjavík 1910. Bls. 40-49.
- Sýslu- og sóknarlýsingar.* Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir sáu um útgáfuna. Sögufélag-Örnefnastofnun. Reykjavík 2005.
- Porkell Grímsson. „Miðaldabyggð á Reyðarfelli.“ *Minjar og menntir*. Afmælisrit helgað Kristjáni Eldjárn 6. Desember 1976. Menningarsjóður. Reykjavík 1976. Bls. 565-576.

Bjarni F. Einarsson

Fylgiskjal:

Fornleifaskrá Hálsahrepps; nr. 2:1 – 3:1.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

2

Sýsla

Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag

Hálsasveit

Tákntala

3509

Hverfi

Landareign

Húsafell

Nr

Heiti

Undirnr.

1

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

19.03.2013

GPS Staðsetning

E 407401 N 465897

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

242

Skekkja

4

Tegund minja

Varða

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Urð 13

Fjöldi

1

Hættumat

Ekkert

Hætta

Engin

Ástand

Lélegt

Aldur

1550-1900

Íeyði

Tímab. hættumat

Virkjun

Tímab. hætta

Lítill

Merkja?

Nei

Minjagildi

Lítið

Einkunn

2

Varðveislugildi

Lítið

Einkunn 2

2

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

Efst á melhól sunnan við Reyðarfellsskísl eða Giljatungukvísl í blásnum móa.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða.

1,2 x 2,4 m (N - S) og 0,4 m há. Úr grjóti. Við norðurendann er fuglastapi og er varðan vel gróin á þeim hluta. Varðan er fallin.

Ekki sjást aðrar vörður í landi Húsafells frá þessari vörðu og ekki sér til bæja.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar þarf að rannsaka hana með leyfi Minjastofnunar Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.

Fornleifaskrá

Aðalnr.

3

Sýsla

Borgarfjarðarsýsla

Sveitarfélag

Hálsasveit

Táknatala

3509

Hverfi

Undirnr.

1

Landareign

Húsafell

Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

19.03.2013

GPS Staðsetning

E 407424 N 467335

Viðmiðun

Ísn. 93

M.y.s.

120

Skekkja

6

Tegund minja

Rúst

Tilgáta/Niðurstaða

Fjós - skáli

Verk

Urð 13

Fjöldi

1

Hættumat

Virkjun

Hætta

Mikil

Ástand

Ágætt

Aldur

-1550

Íeyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Merkja?

Já

Minjagildi

Hátt

Einkunn

7,5

Varðveislugildi

Hátt

Einkunn 2

7,5

Friðlýsa?

Nei

Friðlýst?

Nei

Hvenær

Lega og staðhættir

30-40 m suðaustur af læk (Hringsgili) sem rennur niður í gegnum tjaldstæði á svæðinu og um 20 m norður af malarvegi sem liggur um það. Í móa við jaðar túns.

Heimildir og munnmæli

Sýslu- og sóknarlýsingar. Mýra- og Borgarfjarðarsýslur. Guðrún Ása Grímsdóttir og Björk Ingimundardóttir. Sögufélag - Örnefnastofnun. Reykjavík 2006.

Lýsing

Rúst.

7 x 17 m (NV-SA), veggir úr torfi, 2 - 2,5 m breiðir og 0,2 - 0,6 m háir. Dyr eru á norð-vestur gafli, en aðrar dyr ekki greinanlegar.

Við norð-vestur gaflinn að sunnanverðu gætu verið leifar af viðbyggingu, eða eldri rústum undir aðal rústinni.

Rústin er vel gróin grasi og dálítið af mosa.

Eldri rústabrot eru hugsanlega undir allri rústinni.


Rústin er skálalaga, en slík hús geta aðeins verið leifar af fjósi eða mannabústað eða hvorttveggja.

Dyrnar á gafli benda til fjóss.

Hugsanlega er rústin frá 11. - 12. öld.

Hugsanlega eru þetta leifar bæjar með nafninu Grímshil sbr. Sýslu- og sóknarlýsingar (2006:290).

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Rústin er í fyrirhugaðri línu fallpípunnar og því þarf að rannsaka rústina ef lega fallpípunnar verður ekki breytt. Mælt er með því að færa fallpípuna til vesturs, yfir lækinn.